

Nr. 1093

2. desember 2015

AUGLÝSING um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbærar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

Kársnes. Borgarholt, bílastæði. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbærar þann 8. september 2015 breytt deiliskipulag fyrir Borgarholtið. Í breytingunni felst að núverandi bílastæði austan Borgarholts, við Listasafn Kópavogs og Kópavogskirkju, tengjast Borgarholtsbraut þannig að hægt verður að aka bæði inn og út á Borgarholtsbraut af bílastæðinu (hægri beygjur). Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Rjúpnahæð - austurhluti. Aflakór 14. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbærar þann 24. nóvember 2015 breytt deiliskipulag fyrir Aflakór 14. Í breytingunni felst að byggð verða tvö aflokuð rými undir núverandi veröndum austan- og vestanmegin við húsið. Heildarbyggingarmagn og nýtingarhlutfall breytist. Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Rjúpnahæð - vesturhluti. Austurkór 89a og 89b. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbærar þann 24. nóvember 2015 breytt deiliskipulag fyrir Austurkór 89a og 89b. Í breytingunni felst að farið er 2,7 metra út fyrir byggingarreit á austurhlíð húsanna. Lóðinni er skipt í tvær sjálfstæðar lóðir, 89a og 89b. Heildarbyggingarmagn og nýtingarhlutfall breytist. Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 2. desember 2015.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 9. desember 2015